

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1010

Dagsetning: 9. janúar 2024 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðlaug Unnur Þorsteinsdóttir (GUP), Helgi Þorsteinsson (HP), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Svava Kristín Þorkeldsdóttir (SKP) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Margrét Héðinsdóttir, fagstjóri hjúkrunar á Upplýsingamiðstöð HH, og Ingibjörg Rós Kjartansdóttir, verkefnastjóri á Upplýsingamiðstöð HH, sátu fundinn undir lið 5.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 4. janúar 2023 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

2. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni.

3. Starfsmannamál

Umræður um ýmis starfsmannamál. Rætt var um endurskoðaðar verklagsreglur um heilsustyrk starfsfólks. Samskiptastjóra var falið að gera lítilsháttar orðalagsbreytingar á tillögu sem lá fyrir fundinum og senda á framkvæmdastjórn til samþykktar. Umræður um ársátíð HH, sem haldin verður 6. apríl í Gullhömrum. RÓE og SKP var falið að vinna að undirbúningi ásamt mannauðssviði.

4. Húsnæðismál

Umræður um þarfagreiningar fyrir heilsugæslustöð í Hafnarfirði og miðbænum. Upplýst var um að áfram er unnið að því að fá viðbótarhúsnæði fyrir Heilsugæsluna Garðabæ. Rætt var um stöðuna eftir flutning geðteyma í Vegmúlann og möguleika á að nýta húsnæði á neðri hæð í Hraunbæ þegar Heilsugæslan Grafarvogi flytur aftur í Spöngina.

5. Upplýsingamiðstöð HH

Margrét Héðinsdóttir, fagstjóri hjúkrunar á Upplýsingamiðstöð HH, og Ingibjörg Rós Kjartansdóttir, verkefnastjóri á Upplýsingamiðstöð HH, komu á fundinn til að ræða ýmis verkefni miðstöðvarinnar. Mikil aukning er í fjölda símtala og netspjalla en vel gengur að manna. Flutningur miðstöðvarinnar í Þönglabakka gekk vel og ánægja með aðstöðuna á nýja staðnum meðal starfsfólks. Unnið er að því að undirbúa næturvaktir frá 1. febrúar og að taka alfarið yfir símsvörun í 1700-númerið frá 1. apríl. Vel gengur að ráða starfsfólk til að sinna auknum verkefnum. Tilraunaverkefni með forflokkan bráðra erinda hjá Heilsugæslunni Mjódd hefur gengið mjög vel og mikil ánægja með árangurinn hjá starfsfólki stöðvarinnar. Áhersla er á að auglýsa stöðu lækni fyrir miðstöðina og ákveðið að auglýsing fari út sem fyrst. SKP

var falið að auglýsa í samráði við forstjóra og framkvæmdastjóra lækningar. Rætt var um hvort hægt sé að leigja skrifstofuaðstöðu fyrir starfsfólk í fjarvinnu. Framkvæmdastjórn tók vel í erindið en óskar eftir upplýsingum um kostnað, enda ákveðið fordæmi sem yrði sett með slíkum útgjöldum. Ræða þarf við Læknavaktina um fyrirkomulag vitjana og óskuðu fulltrúar Upplýsingamiðstöðvar HH eftir því að fá stuðning í þeim viðræðum. RÓE var falið að ná niðurstöðu í það mál í samtali við Læknavaktina.

6. Fundir forstjóra á starfsstöðvum

SDM upplýsti að hún ætli að heimsækja starfsstöðvar HH í febrúar og mars og ræða við starfsfólkið ásamt framkvæmdastjóra hjúkrunar eða lækninga, eða framkvæmdastjóra geðheilbrigðisþjónustu, eftir því sem við á.

7. Verktakasamningur um sálfræðiþjónustu

Rætt var um áhuga á Heilsugæslunni Sólvangi um að gera tímabundinn verktakasamning um sálfræðiþjónustu frá 1. febrúar þegar sálfræðingur lætur af störfum á stöðinni. Framkvæmdastjórn telur rétt að nýta rammamarkmiðunum SÍ við sálfræðinga frekar en að gera sérstakan verktakasamning.

8. Styrkir vegna fjarheilbrigðisþjónustu

Umræður um möguleika á því að sækja um styrki til innleiðingar á fjarheilbrigðisþjónustu. Geðheilsumiðstöð barna og önnur geðteymi gætu haft áhuga á að sækja um. Málið verður kynnt á fundi fagstjóra í vikunni.

9. Samstarfssamningur um meistaranám í geðhjúkrun

Framkvæmdastjórn ræddi samstarfssamning milli HÍ og HH um meistaranám í geðhjúkrun. Ákveðið var að auglýsa þrjár stöður hjá HH fyrir meistaranema í geðhjúkrun.

10. Starfsemisáætlun HH 2024 til 2026

Vinna þarf nýja starfsemisáætlun og senda heilbrigðisráðuneytinu. Frestur til að skila áætluninni rann út 9. janúar. Óska þarf eftir fresti til að skila áætluninni og fá skapalón fyrir hana. HÞ mun vera í samskiptum við ráðuneytið um frest og var RÓE falið að vinna áætlunina.

11. Vinna við stofnanasamninga

Umræður um stofnanasamninga sem eru framundan og hvaða fulltrúar HH taki þátt í þeim viðræðum.

Önnur mál

12. Greiningartæki fyrir mannauðssvið

Rætt um notkun mannauðssviðs á Qlik Sense og möguleika á að nota Power BI sem greiningartæki.

Aðgerðir og verkefni

- Gera þarf lítilsháttar orðalagsbreytingar á verklagsreglum um heilsustyrk, sjá lið 3.
Ábyrgð: BJ
- Áfram þarf að vinna að því að ljúka þarfagreiningum fyrir heilsugæslustöðvar og semja um húsnæðismál Heilsugæslunnar Garðabæ, sjá lið 4.
Ábyrgð: SDM og HP
- Skoða á möguleikann á nýtingu húsnæðis í Hraunbæ fyrir geðheilsuteymi, sjá lið 4.
Ábyrgð: GUP
- Auglýsa þarf eftir lækni fyrir Upplýsingamiðstöð HH, sjá lið 5.
Ábyrgð: SKP í samráði við forstjóra og framkvæmdastjóra lækninga.
- Ræða þarf við forsvarsmenn Læknavaktarinnar um vitjanir, sjá lið 5.
Ábyrgð: RÓE
- Ræða þarf við skrifstofustjóra um að stilla upp fundum forstjóra með starfsfólki starfsstöðva, sjá lið 6.
Ábyrgð: SDM
- Upplýsa þarf svæðisstjóra Heilsugæslunnar Sólvangi um niðurstöðu framkvæmdastjórnar um beiðni um gerð verktakasamnings við sálfræðing, sjá lið 7.
Ábyrgð: GUP
- Kynna þarf möguleika á styrkjum til innleiðingar á fjarheilbrigðisþjónustu við geðheilsuteymi HH, sjá lið 8.
Ábyrgð: GUP
- Auglýsa þarf þrjár stöður meistaránema í geðhjúkrun, sjá lið 9.
Ábyrgð: RÓE
- Óska þarf eftir fresti til að skila inn starfsemisáætlun til heilbrigðisráðuneytið, sjá lið 10.
Ábyrgð: HP
- Vinna þarf starfsemisáætlun og skila til heilbrigðisráðuneytisins, sjá lið 10.
Ábyrgð: RÓE

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 11:30.